

Fundur haldinn í stjórn foreldrafélags Álfasteins, haldinn á Bláu könnunni þann 23. nóv. 2011.

Mætt: Jón Þór, Andrea, Ásdís, Halla og Hugrún frá leikskólanum.

1. Ákveðið að stofna tengil á heimasíðu leikskólans fyrir foreldrafélagið. Halla sendi allar fundargerðir sem eru til á tölvutæku formi til Hugrúnar sem komi þeim til Báru sem sér um heimasíðuna núna. Einnig fara nöfn og símanúmer stjórnarmeðlima á síðuna.

2. Uppfæra þarf starfsreglur foreldrafélagsins, sumt er úrelt eins og hvenær foreldrar greiða gjald í félagið. Ákveðið að við kíkjum á þær fyrir næsta fund.

3. Umræður um betrubætur á Álfasteini, s.s. að hengja upp spegil hjá yngri krökkunum, hengja upp stafrófið og tölustafi. Einnig dagatal ásamt einhvers konar spjaldi um veður og árstíðir. Hugrún sagði að stafrófið væri til og væri á leiðinni upp á vegg. Halla greindi frá því að í Þelamerkurskóla er til stórt spjald sem nemendur geta raðað á vikudegi, mánaðardegi, árstíð, veðurlýsingu og fleiru. Þetta er myndrænt og ápreifanlegt og ætlar hún að spyrjast fyrir um hvar þetta hafi verið keypt. Hugmynd að foreldrafélagið gefi skólanum eitthvað álíka hafi hann fjármagn til þess.

Umræður um móttöku barna á morgnana. Nú er ekki starfsmaður sem tekur á móti barni í forstofu heldur fylgja foreldrar þeim inn á leikskólann.

4. Jólball verður haldið 14. des og stefnt að því að hittast á Álfasteini þann sjöunda rúmlega fjögur til að pakka inn og fara yfir reglur foreldrafélags.

Fleira ekki rætt og fundi slitið.
Fundarritari: Halla B. Þ.